




Kristjana á vinnustofu sinni.



Ljósmyndir: Lesbók/Friðbjófur

KJARVALSSTAÐIR:

Að túlka innri manninn ekki síður en þann ytri

Skúlpúrsýning Kristjönu Samper

Leir er stundum notaður í óeiginlegri merkingu; allir þekkja hvað leirskáld merkir í bókmenntum. Ekki hefur skrifari þessa pistils hugmynd um, hversvegna vondur kveðskapur var settur í samband við leir, því leir

getur að minnsta kosti verið hið göfugasta efni — og svo getur hinn rétti leir orðið vandfundinn, að ekki dugar að leita hans á Íslandi. Sá leir hefur sannarlega þá náttúru, að það er hægt að yrkja í hann svo það verði dýrlegur skáldskapur.

En leiðin er löng og vandasöm frá því leirinn birtist sem hráefni í plastpoka frá útlöndum, — og þar til skúlpúrin úr honum stendur eða liggur fullskapaður á sínum stalli. Í ljósi þess er engin furða, að tiltölulega fáir listamenn velja sér þessa leið. Þetta er ekki listræn iðja, sem hægt er að iðka inni í stofu og án þess jafnvel að fá óhreinindi á puttana. Myndhöggvari í nútímanum verður að vera jafnvigur á hamar og meitil, á járn- og trésmíði og leirinn — þetta göfuga efni — þarf hann að þekkja út í yztu æsar. Þegar ég segi myndhöggvari, þá á ég við hvern þann sem býr til skúlpúr. Aðeins lítið brot af skúlpúr er raunverulega höggvið í stein og það eru vissulega höggmyndir. Aðrar tegundir af skúlpúr er varla hægt að kalla höggmyndir.

Konur hafa uppá síðkastið laðast að listgreinum eins og textíl og grafík. Næsta fáar hafa lagt í skúlpúrnám. Kristjana Samper er ein þeirra og kannski spyr þá einhver: Hver er Kristjana Samper? Ef ég segi, að hún sé úr Grímsnesinu, nánar tiltekið Guðnadóttir frá Ljósafossi, þá er það rétt. Sé því bætt við, að hún sé húsmóðir í Kópavogi, þá er það einnig rétt og jafnframt að hún er konan hans Baltasars og þriggja barna móðir. Kannski hefur það tafið eitthvað fyrir listrænu ætlunarverki Kristjönu að koma börnunum til manns og standa við bakið á manningnum sínum eins og gengur, en hún hefur ekki látið það

koma í veg fyrir að láta gamlan draum rætast. Og hún hefur ekki valið sér auðveldustu leiðina með því að leggja stund á skúlpúr, svo mikið er víst.

Upphafið má líklega rekja aftur til 1962, að Kristjana fór í Myndlistarskólann í Reykjavík og var í fyrsta hópnum, sem Hringur Jóhannesson kenndi þar. Síðan kom Baltasar til sögunnar og það var ekki fyrr en börnin voru komin vel af höndum, að hún tók upp þráðinn að nýju og lauk Myndlista- og handiðaskólanum á árunum 1975—79. Vegna þess að þá var ekki um neina skúlpúrdeild að ræða, valdi hún keramikdeildina, en ætlunin með því var ekki að hefja framleiðslu á nytjahlutum svo sem skálum, öskubökkum eða borðbúnaði.

Kristjana telur, að sú undirstaða hafi verið góð, sem hún fékk í skólanum og hún hefur reynt henni vel; einnig við framhaldsnámið í University of Arizona, þar sem hún var 1980—81. — Það var ómetanlegur ávinningur að vera þar, segir Kristjana, bæði tæknilega og listrænt séð. Hún var fyrst og fremst í leirskúlpúrdeild skólans, en þar að auki í málm-skúlpúrdeild, þar sem bæði var smíðað úr járn, stáli og steypt í allskyns málma. Það er mikið mál fyrir einstakling að koma sér upp allri þeirri verkstæðisadstöðu, sem þarf til að geta unnið jöfnum höndum í hvaðeina, sem notað er í nútíma skúlpúr og Kristjana segir, að vitaskuld vanti ennþá talsvert uppá, að hún geti hagnýtt sér alla þá brennslutækni, sem hún lærði þar; til dæmis bronssteypu.

Þegar maður gengur um verkstæðið heima hjá Kristjönu, þar sem allt var eins og gefur að skilja á úi og stúi og hálfunn-



Hjartsláttur eyðimerkurinnar.

um listaverkum, verkfærum og hráefni ægir saman í eina bendu, þá verður manni fyrst á að hugsa sem svo, að það sé engin venjuleg húsmóðir sem kemur sér í þennan vanda.

Leirinn er allur fluttur inn; Kristjana notar leir frá Englandi, Danmörku og Hollandi. Fyrst þarf að hnóða hann eins og deig, ná úr honum loftinu og til þess notar Kristjana rafknúna leirpressu, sem tekur af henni verulegt erfiði og flýtir einnig fyrir. Þar með er efniviðurinn til taks, en ekki er það nóg og allt er unnið fyrir gýg, ef listamaðurinn hefur ekki brúklegar hugmyndir á reidum höndum. Næsta stig er sjálf sköpunin og það sem úrslitum ræður um það, hvort árangurinn verður einbert handverk eða listaverk. Að sjálfsögðu eru margar leiðir til þess að móta leirinn; það er hægt að ummynda hann í næfurþunn blöð og þrykkja í hann letur. Þesskonar „bækur“ hefur Kristjana gert og þær verða á sýningunni. En hún fer líka að samkvæmt aðferð myndhöggvarans: Byrjar á þykkum samfelldum klump og heggur utan úr honum unz myndin er mótuð. En til þess að hægt sé að brenna mynd af því tagi, verður að hola hana að innan.

Fyrsta brennslan, sem nefnd er hrá-brennsla, fer fram í stórum brennsluofni, þar sem hægt er að ná 1300 gráðu hita, en hrá-brennslan fer þó fram við 1000 gráðu hita. Ekki mundi það boða mikla gæfu að demba inn þangað nýmótudum skúlpúr. Fyrst þarf leirinn að þorna vel og til þess þarf hluturinn að standa í vinnustofunni. Jafnvel vikum saman. En takist hrá-brennslan eins og til er ætlað, þá verður næsta skref annaðhvort jarðbrennsla eða japönsk tækni, sem nefnd er rakú.

Við rakú-brennslu notar Kristjana sérstakan hringlaga ofn, sem opnast að ofan. Þegar hún notar glerjung, fer hluturinn í rakú-brennslu, en glerjunginn penslar hún á hlutinn og hann verður æði oft leyndarmál, sem listamaðurinn lætur ekki uppi. Þessi brennsla er bæði vandasamt verk og erfitt. Fyrst verður að hita glerjunginn,